UMRÆÐAN

Betri aðbúnaður í nýju sjúkrahúsi

Anna Stefánsdóttir skrifar um málefnið: „Af hverju nýtt sjúkrahús?“

ÞEIM sem starfa daglega innan veggja Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) hefur að mörgu leyti komið á óvart umfjöllun á undanförnum vikum um fyrirhugaða nýbyggingu sjúkrahússins. Stundum virðist gert ráð fyrir því að málið varði aðeins LSH en ekki almenning í landinu, nema þá helst að því leyti að hann verði af símapeningunum sem á að verja til nýja sjúkrahússins. En því fer fjarri, auðvitað eigum við öll eftir að njóta þeirra í framtíðinni.

Anna Stefánsdóttir

Það hefur lengi verið kvartað yfir slæmum aðbúnaði sjúklinga og aðstandenda þeirra. Hver man ekki eftir myndum í sjónvarpi af sjúklingum sem þurfa að vera í rúmum á göngum sjúkrahússins? Öll viljum við koma í veg fyrir slíkt og búa sjúklingum bestu aðstæður. Nýtt sjúkrahús er nauðsynlegt til þess að uppfylla þarfir sjúklinga varðandi gæði þjónustunnar og til þess að þeir geti búið við nauðsynlegt öryggi og notið mannhelgi í hvívetna.

Slysa- og bráðamóttöku á einn stað

Starfsemi LSH er dreifð sem kemur niður á þjónustu við sjúklinga. Slysa- og bráðamóttaka er á fjórum stöðum og því þarf oft að flytja sjúklinga milli húsa til meðferðar og rannsókna. Flutningar tefja fyrir því að viðeigandi meðferð hefjist og lengja legutímann. Því er forgangsverkefni að sameina slysa- og bráðamóttökur spítalans á einn stað.

Dag- og göngudeildir

Mikil þróun verður í starfsemi dag- og göngudeilda á næstu árum. Núverandi húsnæði var að takmörkuðu leyti reist fyrir slíka starfsemi og þess vegna stendur það í vegi fyrir öflugu dag- og göngudeildarstarfi. Sjúklingar koma oft á legudeildir í meðferð sem mætti veita á dagdeildum. Í nýbyggingu LSH verður sérstaklega hannað húsnæði fyrir slíka starfsemi.

Sjúklingar á einbýlum

Áhrif sjúkrahúsumhverfis á sjúklinga hefur talsvert verið rannsakað undanfarin ár. Niðurstöður sýna m.a. að einbýli auka gæði meðferðar og skila ótvíræðum ávinningi fyrir sjúklinga. Spítalasýkingum fækkar, hávaði minnkar í umhverfi sjúklinga, þeir fá betri hvíld og það dregur úr streitu hjá þeim. Auðveldara verður að tryggja góð samskipti og nauðsynlegan trúnað milli sjúklinga og starfsfólks og stuðningur við fjölskyldu sjúklingsins eykst líka. Flutningar sjúklinga milli stofa og deilda minnka til muna og þar með hætta á mistökum við meðferð. Legutími á sjúkrahúsinu styttist.

Legudeildir Landspítala – háskólasjúkrahúss eru flestar barn síns tíma og svara ekki þeim kröfum sem gerðar eru til sjúkradeilda nú á dögum. Umhverfi sjúklinga er víða þannig að einungis er hægt að dvelja á fjölbýli alla sjúkrahúsleguna þrátt fyrir mikil veikindi. Því fylgir ónæði og hávaði sem veldur mörgum streitu og vanlíðan. Einkarými sjúklinga er af skornum skammti og aðstæður aðstandenda víða óviðundandi. Mannhelgi sjúklinga er nánast ómögulegt að virða. Sjúkrastofur eru margar svo þröngar að erfitt er að koma fyrir nauðsynlegum hjálpartækjum til umönnunar og meðhöndlunar. Einnig er aukin hætta á spítalasýkingum þegar margir sjúklingar deila stofu. Úr þessu verður ekki bætt að neinu marki nema með nýjum byggingum þar sem fjölbýli heyra sögunni til.

Þarfir sjúklingsins í fyrirrúmi

Við hönnun nýs sjúkrahúss verða þarfir sjúklingsins ávallt hafðar í fyrirrúmi. Stuðst verður við hugmyndafræði sem kennd hefur verið við Planetree (www.planetree.org). Hún hefur að markmiði að gera sjúkrahúsumhverfið persónulegt og mannlegt fyrir sjúklinginn og aðstandendur hans. Þessi hugmyndafræði hefur rutt sér til rúms við sjúkrahúsbyggingar bæði vestan hafs og austan.

> ’… einbýli auka gæði meðferðar og skila ótvíræðum ávinningi fyrir sjúklinga.‘

Við hönnun nýs spítala er lögð áhersla á það að skapa umhverfi sem stuðlar að bata sjúklinga, meðal annars með því að þeir finni þar til öryggis. Einbýlin verða björt og rúmgóð með sérsnyrtingu og baðaðstöðu. Öll einbýlin verða þannig hönnuð að þar sé hægt að veita umfangsmikla og flókna meðferð í hjúkrun og lækningum, allt eftir aðstæðum, og draga þannig mjög úr flutningi sjúklinga milli stofa eða deilda. Einbýlin eiga að þjóna sjúklingum á öllum bráðastigum í sjúkdómsferlinu nema gjörgæslu. Markmiðið er að sjúklingurinn geti dvalið á sömu stofu stærstan hluta legutímans. Þessar breytingar munu ekki síst nýtast öldruðum og þeim sem eru alvarlega veikir.

Bjartari framtíð með nýju sjúkrahúsi

Til sjúkrahúss eru gerðar stöðugt vaxandi kröfur um það að þjónustan skili góðum og skjótum árangri. Margt í skipulagi núverandi bygginga á LSH torveldar mjög að hægt sé að tryggja sjúklingum þá heilbrigðisþjónustu sem þekking og færni starfsmanna býður upp á. Með sameiningu sjúkrahúsþjónustunnar á einn stað og nýjum byggingum verður þeim auðveldað að leita meðferðar. Jafnframt verður starfsmönnum gert kleift að meðhöndla sjúklinga eins og þeir hafa besta þekkingu og reynslu til. Nýjar sjúkrahúsbyggingar eru hluti af bjartari framtíð fyrir okkur öll.

Höfundur er framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH.

Tónlistarnám og óperuhús

Eftir Þorstein Ingimarsson

Prófkjör Kópavogur

ÓFREMDARÁSTAND hefur ríkt í tónlistarskólamálum í Kópavogi. Aðeins einn tónlistarskóli, sem starfar eftir aðalnámskrá útgefinni af menntamálaráðuneyti, hefur verið í bænum þrátt fyrir að bærinn hafi stækkað um helming á undanförnum árum. Biðlistinn eftir inngöngu í skólann er langur. Um 200–300 manns eru á honum. Börn búsett í Kópavogi hafa þurft að sækja tónlistarmenntun til annarra sveitarfélaga en nú hafa sum þeirra sagt stopp á slíka nemendur. Mér er þetta mál skylt og vil því stuðla að umbótum. Ég legg til að tónlistarkennslan verði færð inn í grunnskólana með þeim hætti að starfandi kennarar frá tónlistarkólanum hafi aðsetur í skólunum og nemendur geti stundað þar námið á skólatíma. Útfærslan gæti t.a.m verið á þann hátt að nemendur yrðu, samkvæmt róterandi stundatöflu, kallaðir úr kennslustundum til að sækja tónlistarnámið. Tónlistarnámið tengist þannig skólanum og skóladagurinn verður samfelldur. Núverandi tónlistarskóla ætti að mínu mati að nota fyrir eldri nemendur og þá sem lengra eru komnir. Væri þessi leið farin þyrfti ekki að byggja nýjan skóla til að leysa núverandi þörf og hún myndi spara tónlistarnemendum umstangið við að fara á milli skóla.

Þorsteinn Ingimarsson

Mikil umræða hefur verið um óperuhús hér í Kópavogi og sýnist sitt hverjum. Ég hef verið fylgjandi því að ráðist verði í þessa framkvæmd. Tel það eðlilegt framhald af því menningarstarfi sem unnið hefur verið í bænum. Í óperuhúsi eru ekki bara fluttar óperur heldur væri líka hægt að nýta það fyrir leiklistarstarfsemi sem stendur á gömlum merg hér í Kópavogi. Það er mikil þörf fyrir óperuhús á höfuðborgarsvæðinu og Kópavogur hefur það sem til þarf. Hvar á húsið að vera? Ég legg til að það verði reist á landfyllingu á Kársnesinu.

> ’Mestu skiptir þó að gott óperuhús auðgar tónlistarlífið og veitir tónlistarfólki okkar tækifæri til að koma list sinni á framfæri.‘

Í minnkandi heimi þar sem ferðalög verða sífellt þægilegri og auðveldari, er höfuðborgarsvæðið nánast orðið úthverfi erlendra stórborga. Því ætti að vera hægt að beina markaðsetningu óperuhússins að þeim hópi sem finnst ekkert tiltökumál að ferðast langar leiðir til að sjá góðar óperur með þekktum nöfnum. Mestu skiptir þó að gott óperuhús auðgar tónlistarlífið og veitir tónlistarfólki okkar tækifæri til að koma list sinni á framfæri.

TENGLAR

http://thorsteinni.hexia.net

Höfundur er sölufulltrúi og gefur kost á sér í 4.–6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Costa del Sol

Alltaf vinsælasti áfangastaðurinn

Frá 26.995 kr.*

Heimsferðir bjóða nú aftur vinsælasta íbúðarhótelið á Costa del Sol, Castle Beach, með frábærri aðstöðu fyrir farþega sína. Þeir fyrstu sem bóka tryggja sér sérstakan 10.000 króna afslátt á þetta glæsilega hótel. Frábær aðstaða fyrir ferðamanninn, einstakt loftslag og ótrúlegt úrval veitinga- og skemmtistaða.

Castle Beach er glæsilegt íbúðahótel með stórum og vel útbúnum íbúðum og einstakri aðstöðu. Íbúðirnar eru ýmist með einu eða tveimur svefnherbergjum og rúma allt að sjö manns.

Í boði eru íbúðir með 1 eða 2 svefnherbergjum

25. maí / 22. júní
Kr. 26.995
* Flugsæti með sköttum, m.v. hjón með 2 börn, netverð.

25. maí / 22. júní
Kr. 39.696
M.v. hjón með 3 börn, Castle Beach, vikuferð með sköttum, netverð.

25. maí / 22. júní
Kr. 49.990
M.v. 2 í stúdíó, Bajondillo, vikuferð með sköttum, netverð.

10.000 kr. afsláttur af fyrstu 500 sætunum eða meðan íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti. Gildir ekki um flugsæti eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 15. feb. 2006 eða meðan afsláttarsæti eru laus.

ENNEMM / SÍA / NM19189

Úrval gistimöguleika í boði

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík, sími 595 1000
Akureyri, sími 461 1099 • Hafnarfjörður, sími 510 9500 • www.heimsferdir.is